



Seyrustjórn

8. fundur seyrustjórnar var haldinn í Huppusalnum í félagsheimilinu Flúðum, þriðjudaginn 7. mars 2023 kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Ása Valdís Árnadóttir, formaður og oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Halldóra Hjörleifsdóttir, þjónustufulltrúi

Hannibal Kjartansson, veitustjóri Hrunamannahrepps

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, varaoddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Nanna Jónsdóttir, varaoddviti Ásahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Ársskýrsla þjónustufulltrúa seyruverkefnisins 2022.

Lögð var fram ársskýrsla þjónustufulltrúa seyruverkefnisins fyrir árið 2022. Halldóra kynnti skýrsluna fyrir stjórnarmönnum. Farið var yfir möguleg framtíðarverkefni m.a. móttöku seyru yfir vetrarmánuðina. Hannibal fór yfir það að ásókn í að fá að losa fyrr á vorin og yfir veturinn hefur aukist og mun bara aukast. Seyruverkefnið á þrjá gáma sem mögulega væri hægt að nýta í móttöku ef af yrði, jafnframt þyrfti að breyta starfsleyfi ef verkefnið yrði tekið áfram. Aldísi var falið að taka saman gögn um vetrarhreinsanir annars vegar hjá aðildarsveitarfélögunum og hins vegar alla vetrarhreinsanir frá Hreinsitækni til að skoða á næsta stjórnarfund. Halldóru var falið að skoða nánara samstarf við grunnskóla aðildarsveitarfélaganna.

Aldísi falið að útbúa auglýsingu og auglýsa eftir sumarstarfsmanni í tímabundna stöðu.

2. Minnisblað frá LEX um rekstrarform seyruverkefnisins.

Lagt var fram til kynningar minnisblað frá LEX um rekstrarform seyruverkefnisins. Umræða varð um verkefnið. Ákveðið var að hver stjórnarmaður muni ræða við sína sveitarstjórn um næstu skref.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:00.